

Jólablað Völsungu



2020

Frá framkvæmdastjóra

Nú er komið að leiðarlukum ársins 2020. Árið hefur verið krefjandi í þeim aðstæðum sem við lifum við í dag en um leið hefur verið gaman að sjá sjálfbóðaliða, félagsmenn, iðkendur, þjálfara, starfsfólk, stuðningsaðila og styrktaraðila rísa upp undir merkjum félagsins til að tryggja starfsemi þess. Það er ómetanlegt að sjá alla þessa aðila standa með félaginu sínu, leggja sitt af mörkum og tryggja starfsemi félagsins. Völsungarnir eru víða og það er svo sannarlega skemmtilegur félagsskapur að tilheyra. Öllum þessum aðilum vil ég þakka sérstaklega fyrir þeirra framlag til félagsins á árinu sem er að líða. Við megum vera stolt af félaginu okkar.

Starf Völsungs hefur litast af ástandinu í samfélaginu sem hefur skapast sökum Covid 19. Miklar takmarkanir á íþróttastarfi hafa litað starfsemi félagsins bæði innan- sem utan vallar. Hinsvegar er aðdáunarvert að líta til baka og sjá árangur félagsins á þessum erfiðu tímum. Þegar æfingar voru bannaðar var strax tekin sú afstaða innan félagsins að það yrði aldrei æfingastopp. Starfið var endurskipulagt með þetta í huga og þjálfarar sendu heim æfingar sem iðkendur sinntu. Við erum heppin með þjálfara innan okkar raða sem hugsuðu í lausnum og með hag iðkenda að leiðarljósi.

Fjöldi viðburða sem stóð til að halda á árinu urðu ekki að veruleiki. Það er mikil eftirsjá af þessum viðburðum, það er eftirsjá að við höfum ekki getað komið saman og haft gaman sem Völsungar. Þar að auki er tekjumissirinn gríðarlegur. Hinsvegar horfum við björtum augum fram á veginn og um leið og við sigrumst saman á óværunni sem hefur herjað á okkur að þá munum við koma saman á ný sem Völsungar.

Það er gaman að starfa í skemmtilegum félagsskap. Það er gaman að starfa í félagi sem skiptir samfélagið okkar eins miklu máli og raun ber vitni. Það er gaman að starfa með þeim öflugum sjálfbóðaliðum sem hafa lagt allt í sölurnar til að tryggja starfsemi félagsins í samfélaginu okkar, tryggja að félagið lifi áfram í samfélaginu okkar sama hvað á dynur. Tryggja að öll börn og ungmenni geti stundað íþróttir undir merkjum félagsins.

Mikilvægi Völsungs í samfélaginu er áþreifanlegt á þeim tímum sem við lifum. Verum stolt af starfinu okkar og þakklát fyrir það starf sem hefur verið unnið. Látum okkur íþróttafélagið varða og sameinumst undir merkjum félagsins.

Við erum jú öll Völsungar.


Að lokum við ég óska öllum Völsungum nær og fjær gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Íþróttafólk Völsungs

Íþróttafólk Völsungs fer fram laugardaginn 29. desember.

Viðburðurinn verður með breyttu sniði sökum aðstæðna í samfélaginu.

Viðburðurinn verður auglýstur betur síðar.



Óskum Völsungum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

- Áfram Völsungur -



Frá aðalstjórn Völsungs

Það er alger óþarfi að eyða plássi í þessum stutta pistil frá aðalstjórn Völsungs í upprifjun á því hversu óvenjulegt árið 2020 er búið að vera. En þó er ljóst að starfsemi Völsungs hefur litast all hressilega af þessum "fordæmalausu tímum" sem við lifum á. Nýjar og ókunnugar aðstæður hafa dúkkað upp fyrirvaralaust aftur og aftur frá því í mars og ljóst að álagið á öllum þeim sem starfa fyrir Völsung hefur sjaldan verið meira. En eins og ávallt hafa þeir sem kjósa að starfa fyrir félagið okkar staðið upp og leyst þau verkefni sem fyrir liggja með myndarskap og fyrir það langar okkur í aðalstjórn að þakka mikið vel fyrir.

Það urðu nokkrar mannbreytingar í stjórn á aðalfundi sem haldinn var í júní. Bergþóra Höskuldsdóttir, Hallgrímur Jónsson og Eva Björk Káradóttir létu öll af störfum og þökkum við þeim kærlega fyrir gott og óeigingjarnt starf í þágu félagsins. Í þeirra stað komu Jóna Björg Pálmadóttir, Hilmar Valur Gunnarsson og Ásta Hermannsdóttir. Davíð Þórólfsson tók við af Bergþóru sem formaður aðalstjórnar og Jóna Björg leysti Hallgrím af sem gjaldkeri.

Völsungur er einn af hornsteinum samfélagsins í Norðurþingi og það er ánægjulegt að sjá að félagið er í stöðugum vexti. Greiðandi félagsmenn, 18 ára og eldri, telja nú um 1.000 og iðkendur í skipulögðu starfi félagsins eru rétt um 600 talsins. Rúmlega 50 manns voru á launaskrá Völsungs á árinu 2020 og veltan á félaginu var rétt tæplega 107 milljónir árið 2019.

Völsungur er með mjög öflugt starfsfólk sem hefur sinnt starfi sínu frábærlega við erfiðar aðstæður í ár. Þó þetta fólk sé öflugt þá myndi starfsemin aldrei ganga jafn vel og raun ber vitni ef ekki væri fyrir alla þá sjálfbodaliða sem koma að starfinu. Við erum heppin að hafa jafn vel mannaða sveit sjálfbodaliða sem vinna gríðarlega mikilvægt starf í öllum deildum félagsins. Fyrir það viljum við þakka. Allir þeir sem vilja starfa við félagið á einhvern hátt eru að sjálfsögðu velkomnir og um að gera fyrir þá sem hafa áhuga á að starfa fyrir Völsung eða jafnvel bara kynna sér starfsemi félagsins að kíkja við í félagsaðstöðunni í Vallarhúsinu. Þar er alltaf heitt á könnunni.

Að lokum viljum við óska öllum Völsungum, Húsvíkingum og nærsveitungum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Aðalstjórn Völsungs sendir Völsungum nær og fjær bestu óskir um gleðileg jól og þakkar stuðninginn og samfylgdina á árinu sem er að líða.



Jólakveðja, aðalstjórn

Óskum Húsvíkingum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum liðin ár.



Þekkingarsetrið á Hafnarstétt óskar Þingeyingum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.



Þekkingarnet
Þingeyinga



Náttúrustofa
Norðausturlands



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Óskum Völsungum
og Þingeyingum öllum
gleðilegra jóla og farsældar
á komandi ári.



Þökkum viðskiptin á árinu
sem er að líða.



FRÍSTUNDA STYRKUR

Niðurgreiðsla á
skipulögðu íþróttá- og
tómstundastarfi

fyrir börn 2 - 18 ára með
lögheimili í Norðurþingi



Gleðileg jól

og farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin á
árinu sem er að líða.



SPORT-LEISURE SUBSIDY

For children with domicile in
Norðurþing ages 2 - 18yrs

www.nordurthing.felog.is
www.volsungur.felog.is

Ketilsbraut 7 - 9 640 Húsavík / 464 6100
www.nordurthing.is / nordurthing@nordurthing.is



Óskum starfsfólki okkar, fjölskyldum
og Þingeyingum öllum

gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

Þökkum árið sem er að líða.



GPG
SEAFOOD

Íþróttafólk Völsungs 2019

Íþróttafólk Völsungs fyrir árið 2019 fór fram venju samkvæmt 29. desember. Viðburðurinn var haldinn í Miðhvammi og var vel sóttur. Það er Íslandsbanki sem styrkir viðburðinn með því að gefa verðlaun og viðurkenningar og mættu fulltrúar frá bankanum til að afhenda verðlaunin.

Á þessum árlega viðburði eru veitt verðlaun fyrir árið sem er að líða og einstaklingar sem skara fram úr frá viðurkenningar. Alls bárust sex tilnefningar frá deildum félagsins fyrir árið 2019.

Knattspyrnu kona ársins 2019 var Harpa Ásgeirsdóttir

Knattspyrnumaður ársins 2019 var Aðalsteinn Jóhann Friðriksson

Blakkona ársins 2019 var Arna Védís Bjarnadóttir

Blakmaður ársins 2019 var Ísam Már Aðalsteinsson

Bocciamaður ársins 2019 var Vilberg Lindi Sigmundsson

Almenningsíþróttamaður ársins 2019 var Heiðar Hrafn Halldórsson

Íþróttafólk Völsungs fyrir árið 2019 voru kjörin Arna Védís Bjarnadóttir og Heiðar Hrafn Halldórsson. Arna Védís hefur haslað sér völl inni á blakvellingnum og var lykileikmaður í árangri liðsins á árinu 2019. Heiðar Hrafn er langhlaupari og átti sitt besta ár á árinu 2019.

Aðalsteinn Jóhann Friðriksson fékk viðurkenningu fyrir að leika sinn 200. leik fyrir meistaraflokk á árinu og Dagbjört Ingvarsdóttir fékk viðurkenningu fyrir að leika sinn 100 leik fyrir meistaraflokk á árinu. Um er að ræða leiki í deild og bikar á vegum KSÍ.

Að auki var veittur þakkættisvottur fyrir vel unnin störf í þágu félagsins. Guðrún Kristinsdóttir fráfarandi formaður, Haukur Eiðsson og Sóley Sigurðardóttir létu öll af störfum fyrir félagið á árinu 2019 og er þeim þakkað fyrir gott starf í þágu félagsins.

Að lokum fengu Guðmundur Árni Ólafsson og Sigurjón Ármannsson heiðurvikurkenningu fyrir brautryðjendastarf í hlaupaíþróttinni á Húsavík.



Arna Védís Bjarnadóttir



Dagbjört Ingvarsdóttir og Aðalsteinn Jóhann Friðriksson



Guðmundur Árni Ólafsson



Heiðar Hrafn Halldórsson



Arna Védís Bjarnadóttir og Heiðar Hrafn Halldórsson



Ingvar, Sóley, Guðrún og Ingólfur

Jólahugvekja sóknarprests

Verið glöð í voninni, þolinmóð í þjáningunni og staðföst í bæninni
Svo sagði Páll postuli og þessi hvatningarorð eiga enn við í dag.

Það skiptast á skin og skúrir í lífi okkar líkt og í kappleikjum íþróttanna eins og allir þekkja. Og allir þekkja gleðitilfinninguna og sæluna sem fyllir líkama og sál þegar liðið okkar skorar mark í íþróttaleik, svo ekki sé talað um þegar það fer með sigur af hólmi. Þannig eru deyfð, leiði og vonbrigði líka eðlileg viðbrögð þegar illa gengur. Það er ekkert gaman að vera í tapliði.

En hvað gerist þegar á móti blæs, hættum við að æfa, segjum við okkur úr félaginu þegar niðursveifla verður, gefumst við upp, varla, en hvað gerum við?

Erum við ekki vön að þurrka tárin, herða upp hugann og mæta á ný, jafnvel tvífeld? Við segjum við okkur sjálf að við getum gert betur, hvetjum hvert annað, setjum okkur ný markmið, finnum nýjar leiðir. **Erum glöð í voninni.**

Við vonum að það gangi betur næst og þegar svo verður, horfum við vongóð fram um áframhaldandi velgengni. Þannig erum við líka þolinmóð í þjáningunni. Ef við forðumst ekki þjáninguna, heldur stöndum í báða fætur, horfumst augu við hana, mætum henni, getur hún orðið til uppbyggingar. Við getum tekið þann pól í hæðina, að tapið hvetur okkur áfram til að gera betur til að vinna næsta leik. Íþróttafólk þekkir vel, hvernig æfingin eflir og styrkir mann.

Ársins 2020 verður sennilega allt fyrst og fremst minnst vegna Covids 19 heimsfaraldursins og öll þau áhrif sem hann hefur haft á daglegt líf fólks. Það hefur sumstaðar komið fram að við séum farin að þreytast á ástandinu, einhverskonar Covid-þreyta komin í okkur. Því vissulega reynir á okkur. Það má hinsvegar gefa því þá gaum, að í stað þess að tala um þreytu, þá höfum við líka verið að byggja upp ákveðið þol og styrk í mótlætinu. Við erum búin að fara í gegnum þetta saman í margar vikur, mánuði og við munum klára þetta. Við höldum áfram að stíga öldurnar þegar bylgjurnar koma, við erum að öðlast meiri og meiri færni í því. Við höfum sem samfélag komið fram með allskonar lausnir til að aðlagast, samanber fjarvinnu, við höfum stillt fókusinn okkar aftur og aftur, margir t.d. hlúð betur að heilsu og fjölskyldu og tómstundum. Við látum ekki taka frá okkur vonina, hún er ljósið og nú hafa borist fréttir um bóluefni og við fylgjumst með af eftirvæntingu. Og ætli við séum ekki mörg, stór og smá, sem höfum beðið af innstu þrá um bóluefni, bata í baráttunni við þessa vá. Við skulum halda því áfram. Og nýtt ár, kemur með ný tækifæri, nýjar vonir.



Guð gefi ykkur góð og gleðileg jól.

KEA

*Þragðið sem býr
til jólin*



NORÐLENSKA

- VERÐI ÞÉR AÐ GÓÐU



ARNASÝNIR

Tómstunda- og æskulýðsfulltrúi

Að gera það sem við elskum – að elska það sem við gerum

Hvað er það sem rekur einstakling út í slyddu og norðangarra að sparka í fótbolta. Eða vakna eldsnemma og reima á sig skóna, arka uppá Húsavíkurfjall á meðan aðrir sofa. Oft á tíðum skilur maður það varla sjálfur...

Mannskapn er vanaföst og ef til vill spilar það inn í. Vani er hins vegar eitthvað sem við getum breytt bæði til hins betra og hins verra.

Ef þú, lesandi góður átt þér áhugamál sem þú sinnir af kappi vil ég biðja þig um að staldra aðeins við. Áhugamálið má vera hvað sem er. Útivist, fótbolti, þrjónaskapur, handavinna, bakstur, lestur bóka eða bara hvað sem er. Stökktu út fyrir þinn eigin líkama og láttu sem að þú sért ókunnug manneskja að horfa á sjálfan þig stunda þína iðju af kappi.



- Þú ert einn af 22 einstaklingum að elta einn bolta. Það er hlaupið, öskrað, dottið, staðið upp, glaðst, reiðst.

- Þú situr með tvo járnþrjóna sem ganga taktfast í höndunum og bandið vefst hring eftir hring.

- Þú ert í hvítum galla og það er sparkað í þig. Þú hörfar, og nærð að svara fyrir þig.

- Þú situr við borð ásamt þremur öðrum og heldur á spilum. Engin segir neitt en spilin eru lögð á borðið hvert á fætur öðru.

Það er nánast sama hvaða dæmi er tekið. Í sinni einföldustu mynd lítur þetta allt saman mjög undarlega út.

Áhugamál okkar byrja af því að við fáum áhuga á því sem við erum að gera. Með öðrum orðum þá þarf ekki að neyða okkur til að fara út að hlaupa eða taka upp þrjónana. Án áhugamála væru samfélag manna vélræn og litlaus. Mörg okkar eru það lánsöm að starfa daglega við það sem skiptir okkur máli og vekur áhuga okkar. Hvort sem það er að kenna börnum, byggja hús, hjálpa fólki eða æfa fótbolta.

Munum eftir að staldra við og gera það sem við elskum og elskum það sem við gerum. Eins og Jón Páll sagði ; „There is no reason to be alive if you can't do a deadlift.”

Jólaeveðja,

Kjartan Páll Þórarinnsson - íþrótt- og tómstundafulltrúi Norðurlings

Gleðileg jól
farsælt komandi ár.



Gleðileg jól
farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin
á liðnum árum.



Gleðileg jól
og farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin
á liðnum árum.



Gleðileg jól
farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin
á liðnum árum.



Fimleikar

Fimleikaæfingar þetta haustið hófust í byrjun september. Iðkendur á haustönn voru í kringum 50 talsins. Æfingum er skipt niður í þrjá hópa sem eru leikskólahópur, 1.-3. bekkur og 4.-10. bekkur.

Árið í fimleikadeildinni hefur eins og og á flestum sviðum samfélagsins litast af afleiðingum Covid-19. Æfingar hafa fallið niður samkvæmt hertum reglum í samfélaginu og byrjuðu aftur þegar slakað var á. Þrátt fyrir skrítið ár hefur gengið vel á æfingum og iðkendur hafa haldið áfram þrátt fyrir stöðugar breytingar á æfingaskipulagi vegna Covid-19 og brottfall verið lítið.

Reynt hefur verið að enda hverja önn með fimleikasýningu þar sem iðkendur geta boðið aðstandendum að koma og börnin sýna það sem þau hafa verið að æfa sig í auk þess er það góð æfing í að koma fram í fimleikunum. Því miður hefur ekkert svoleiðis verið núna vegna ástandsins í samfélaginu en gerum við ráð fyrir að hefð fyrir fimleikasýningu haldi áfram þegar aðstæður leyfa.

Við höfum verið einstaklega heppin með þjálfara sem eru:

Á vorönn voru:

1.-3. bekkur – Ríkey Sigurgeirsdóttir, Elsa Dögg Stefánsdóttir og Sara Dögg Jónsdóttir

4.-10. bekkur – Ríkey Sigurgeirsdóttir, Elsa Dögg Stefánsdóttir og Sara Dögg Jónsdóttir

Leikskólahópur – Halldóra Magnúsdóttir, Heiðrún Magnúsdóttir og Rakel Hólmgrímsdóttir

Þjálfarar okkar núna á haustönn:

1.-3. bekkur – Iolanda Filipa Simões Fernandes og Ríkey Sigurgeirsdóttir

4.-10. bekkur - Iolanda Filipa Simões Fernandes og Elín Anna Óladóttir

Leikskólahópur – Sara Dögg Jónsdóttir og Sara Kristín Smáradóttir

Í sumar ferðaðist karlalandslið Íslands í hóp fimleikum um landið og setti upp sýningar. Ein slík var sett upp hér á Húsavík. Auk þess fengu börn síðan að gera æfingar undir handleiðslu landsliðsins. Tilgangurinn var að sýna stráka í fimleikum og á sama tíma hvetja stráka til að koma æfa fimleika en því miður hefur verið halli á kynjahlutfalli í fimleikum þar sem stelpur eru í miklum meirihluta. Það er einnig staðan hjá okkur hér í Völsungi. Því hvetjum við alla stráka til að gefa fimleikum tækifæri og prófa að mæta á æfingu á nýju ári.

Við erum bjartsýn fyrir að á næsta ári verði hægt að fara á mót og jafnvel í heimsóknir eitthvað út fyrir bæjarmörkin.

Við þökkum kærlega fyrir árið sem er að líða.

Kær kveðja

Stjórn fimleikadeildar Völsungs

Yngri flokkar í knattspyrnu

Frá barna- og unglingaráði Völsungs

Barna- og unglingaráð í knattspyrnu heldur utan um rekstur yngri flokka Völsungs í knattspyrnu. Ráðið er í raun eins og hver önnur deild innan Völsungs sem sér m.a. um innheimtu æfingagjalda og ráðningu þjálfara.

Ráðið er skipað þremur til fimm fulltrúum foreldra eða áhugafólks um knattspyrnu. Núna skipa ráðið Linda Hrönn Arnþórsdóttir formaður, Guðrún Þórhildur Emilsdóttir gjaldkeri, Kristjana Lilja Einarsdóttir og Ragnar Hermannsson. Þá situr framkvæmdarstjóri Völsungs fundi ráðsins og er tengiliður við aðalstjórn Völsungs, einnig situr yfirmaður knattspyrnumála fundina. Töluverðar manna-breytingar hafa orðið í ráðinu á árinu og hættu þau Kristinn Jóhann Lund, Ásta Magnúsdóttir og Gunnar Jónsson og eru þeim þökkúð vel unnin störf fyrir félagið. Yfirmaður knattspyrnumála var ráðinn hjá félaginu og er hans starf innan barna- og unglingaráðs að reyna að auka gæði starfsins og vinna með meðlimum barna- og unglingaráðs, þjálfurum og framkvæmdarstjóra, en því starfi gegnir Jóhann Kristinn Gunnarsson.

Það hafa orðið töluverðar breytingar í þjálfarateyminu á árinu, ungir þjálfarar farið að sinna öðrum verkefnum og nýir komið í staðinn og staðið sig með þryði en sem betur fer þá höldum við enn í „gömlu“ jaxlana sem eru gríðarlega mikilvægir fyrir okkar starf. Barna- og unglingaráð leggur mikla áherslu á að þjálfarar afli sér menntunar og sitji KSÍ námskeið, með því er hægt að bjóða uppá öflugt og faglegt knattspyrnustarf. Ráðið fékk til sín fitness þjálfara haustið 2019, hana Jónu Birnu Óskarsdóttur, og hefur hún verið mikill fengur fyrir starfið. Vinna hennar á þessum covid tímum hefur verið mjög mikilvæg og teljum við að þjálfarar okkar hafi gert eins vel og hægt var að gera á þeim tímum sem ekki var hægt að stunda venjulegar æfingar með því að senda heim hugmyndir af heimaæfingum og halda þannig starfinu gangandi.

Við horfum björtum augum til komandi árs og tökum fagnandi við nýju ártali með tilhlökkun í hjarta yfir komandi fótboltaári. Höldum áfram að styðja flott fótboltastarf í öllum flokkum bæði barna- og meistaraflokkum því ef við vinnum öll saman verður starfið bara betra.

Barna- og unglingaráð óskar Völsungum öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

Barna- og unglingaráð, Linda Hrönn Arnþórsdóttir



7. flokkur kvk



7. flokkur kk

Árið 2020 hefur verið undarlegt á margan hátt og heimsfaraldur litað tímabilið all verulega. Við Völsungar höfum ekki farið varhluta af því frekar en aðrir og mikið hefur mætt á öllum að halda úti eðlilegu starfi. Hvort heldur er í skóla, vinnustöðum eða hjá íþróttafélögum eins og Völsungi.

Barna- og unglingaráð heldur utan um starfsemi yngri flokka hjá Völsungi og halda úti æfingum fyrir iðkendur á aldrinum 4-16 ára. Iðkendur eru á bilinu 180-190 talsins og er starfið gríðarlega öflugt svo eftir því er tekið á landsvísu. Á árinu hlaut knattspyrnudeildin jafréttisverðlaun á ársþingi KSÍ og erum við stolt af því.

Völsungar hafa reynt sitt besta til að halda vel utan um iðkendur sína á öllum aldri þrátt fyrir allt og allt. Auðvitað er erfitt og frekar þirrandi til lengdar þegar hverju mótnu á fætur öðru er aflyst og verkefnið utan æfinga eru orðin ansi fá fyrir margna unga og fótboltaþyrsta iðkendur. Flokkarnir okkar tóku þó þátt í Íslandsmótunum og sumir iðkendur voru svo heppnir að komast á helgarmót.



6. flokkur kvk



6. flokkur kk



5. flokkur kvk



5. flokkur kk

Eins og gengur og gerist þá urðu úrslitin bæði jákvæð og neikvæð en við kjósum að horfa í litlu sigrana jafnt og hina stóru. Framfarir og bæting á vellinum hjá iðkendum og liðum eru augljós hjá liðunum í grænu þetta árið. Það er gaman að sjá unga og efnilega iðkendur taka næsta skref og alveg ljóst að framtíðin er björt.

Það verður að minnast á skemmtilegan sigur 4. flokks drengja í átta manna fótbolta á Íslandsmótinu sem þeir unnu með glæsibrag í úrslitakeppni í Hafnarfirði. Til hamingju með titilinn strákar og þjálfarar!



3. flokkur kvk



4. flokkur kk

Það hefur alltaf verið efst á baugi hjá okkur sem störfum að knattspyrnunni hjá Völsungi að halda iðkendum við efnið, efla þá og bæta um leið og við styðjum þá í gegnum þessa fordæmalausu tíma sem hafa verið undanfarna mánuði. Að okkar mati höfum við lært mikið af þessum tíma og hyggjumst nota til að bæta enn frekar okkar metnaðarfulla starf í þágu Völsunga.

Það hefur aldrei rignt svo mikið að ekki stytta upp á ný. Við viljum hrósa iðkendum okkar og þjálfurum fyrir dugnaðinn, æðruleysið og metnaðinn að halda úti starfinu í skugga Covid19. Framundan eru bjartari tímar og fótoltamótin og leikirnir koma á ný. Þá verðum við tilbúin.

Kæru Völsungar. Hafið bestu þakkir fyrir samstarfið á nýliðnu knattspyrnuári og við hlökkum til að vinna með ykkur áfram á því næsta. Það verður enn betra!

Áfram Völsungur!





Gleðileg jól,
farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin
á árinu sem
er að líða.



HÖFÐAVÉLAR ehf.

Óskum viðskiptavinum
okkar gleðilegra jóla
og farsæls komandi árs.
Þökkum viðskiptin á árinu.



Sig Illugason
Málakameistari - Sími: 8942707

Grímur vélsmiðja
óskar öllum Völsungum
nær og fjær
gleðilegra jóla.



Garðarsbraut 48 • 640 Húsavík
Kennitala 560390-1309 • Vsk_nic, 22806
Sími 464 1055 • Fax 464 2055



Gleðileg jól
farsælt komandi ár
þökkum viðskiptin
á liðnum árum.



Bílaþjónustan ehf.

Garðarsbraut 52 - 640 Húsavík
Sími 464 1122

Gleðileg jól
og farsælt komandi
ár. Þökkum viðskiptin á
árinu sem er að líða.



HÁRIÐJAN

Ella

Óskum viðskiptavinum
okkar og Húsvíkingum
öllum gleðilegra jóla
og farsældar á komandi
ári með þökk fyrir árið
sem er að líða.



VERMIR s.f.
Pípulagnir

Óskum öllum Völsungum til
sjávar og sveita gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.



Þökkum samskiptin
á liðnu ári.



JÓNASSON
RAFMAGNSVERKSTÆÐI

Óskum Völsungum
nær og fjær gleðilegra
jóla og farsældar
á komandi ári.



Þökkum
viðskiptin
á árinu sem
er að líða.



Óskum
Völsungum
öllum gleðilegra
jóla og farsældar
á komandi ári.



Saltvík

Hestamiðstöð / Horse Center
Húsavík



VÖLSUNGSVÖRURNAR FRÁ



PUMA®

FÁST Í

SKÓBÚÐ

HÚSAVÍKUR

Ekki gefa bara eitthvað, gefðu frekar hvað sem er.

Með gjafakorti Landsbankans er ekkert mál að velja réttu jólagjöfina. Þú ákveður upphæðina og sá sem þiggur velur gjöfina. Þú færð gjafakortið í næsta útibúi.



Íþróttaskóli Völsungs



Íþróttaskóli Völsungs hefur verið vinsæll hjá iðkendum undanfarin ár og árið 2020 var þar engin undantekning. Á vorönn 2020 áttum við eðlilega önn fyrstu tvo mánuðina en þurftum svo því miður, eins og aðrar greinar, að aflýsa öllum tímum vegna COVID faraldursins. Því var sumarfríð hjá okkur óvenju langt, en í haust byrjuðum við af fullum krafti aftur og hefur mætingin farið fram úr björtustu vonum. 56 börn eru skráð í íþróttaskólann haustið 2020 og hafa ekki verið fleiri í mörg ár!



Þegar liða fór á haustönnuna þurftum við að aflýsa nokkrum tímum vegna samkomutakmarkana og reglna um starfsemi íþróttamannvirkja en höfum þó getað haldið tíma með breyttu sniði, smærri hópa og maskaskyldu foreldra. Við vonumst til að vera laus við veiruna á nýju ári til að geta haldið íþróttaskólann óhindrað alla önnina. Við óskum iðkendum og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og vonumst til að sjá þau sem flest eftir áramót!

**Jólaþveðja,
Ísak Már og Selmdís**

Okkar bestu óskir
um gleðileg jól
og farsælt nýtt ár
Þökkum það liðna



Starfsfólk Bílaleigu Húsavíkur

b **Bílaleiga Húsavíkur**
Garðarsbraut 66 • Húsavík

Óskum Húsvíkingum
og Þingeyingum
gleðilegra jóla
og farsæls komandi árs.
Þökkum viðskiptin á árinu.



Garðarshólmi
∞ 1961 ∞



Óskum Húsvíkingum
og nærsveitungum
gleðilegra jóla
og farsældar
á komandi ári.
Þökkum viðskiptin
á liðnu ári.

FISKELDID
HAUKAMÝRI

Gleðileg Jól

*Kea óskar félagsmönnum
sem og samstarfsaðilum sínum
gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári*



KEA

Gamlamyndin




**KOMA SVO
GRÆNIR.**
DETTA ER EKKI BÚID!

Græn skref í átt að betri framtíð
WWW.NORTHSAILING.IS


NORÐURSIGLING
SÍÐAN 1995

Krambúðin óskar
viðskiptavinum sínum
gleðilegra jóla og
farsældar á nýju ári



Krambúðin

AFGREIÐSLUTÍMAR Á HÚSAVÍK

Þorláksmessa miðvikudagur	Aðfangadagur fimmtudagur	Jóladagur föstudagur	Annar í jólum laugardagur
08:00 - 22:00	09:00 - 16:00	Lokað	10:00 - 22:00
Gamlársdagur fimmtudagur	Nýársdagur föstudagur		
09:00 - 16:00	Lokað		



*SPARISJÓÐUR
SUÐUR-ÞINGEYINGA
ÓSKAR VIÐSKIPTAVINUM,
VELUNNURUM
OG LANDSMÖNNUM ÖLLUM
GLEÐILEGRA JÓLA
OG FARSÆLDAR Á NÝJU ÁRI.*

*SPARISJÓÐUR
SUÐUR-ÞINGEYINGA
FYRIR ÞIG OG ÞÍNA.*



SPARISJÓÐUR

Suður-Þingeyinga



Óskum Húsvíkingum
og nærsveitungum
gleðilegra jóla og
farsæls komandi árs.



STEINSTEYPIR

STEYPA - JARÐVINNA - KJARNABORANIR - MÚRBROT

Óskum Húsvíkingum og
Þingeyingum gleðilegra
jóla og farsæls
komandi árs.
Þökkum viðskiptin
á árinu sem
er að líða.



Óskum
viðskiptavinum
okkar gleðilegra jóla
og farsæls komandi árs.
Þökkum viðskiptin á árinu.



Óskum iðkendum
okkar og Völsungum
nær og fjær gleðilegra jóla
og farsældar á nýju ári.



META BOLIC
- Markviss árangur -

Óskum Völsungum
öllum gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.



BRETTI

SAH BRETTI - Urðargerði 1 · 640 Húsavík
Símar: 464 1020 & 864 1020 · Kt.: 650808-2230

Gleðileg jól
farsælt
komandi ár.
Þökkum
viðskiptin
á árinu sem
er að líða.



Gleðileg jól
farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin
á árinu.



Skorum með
þrumuskotum
á nýju ári.



**Jólagjöf
veiðimannsins**

Óskum öllum
Völsungum gleðilegra
jóla og farsældar
á nýju ári.



ENOR

Flugfélagið Ernir
óskar Völsungum
gleðilegra jóla
og heillaríks komandi árs



Starfsfólk ÍSFELL
óskar öllum gleðilegra
jóla og farsældar
á komandi ári.
Þökkum viðskiptin
á liðnum árum.



ÍSFELL
www.isfell.is

Jól 2019



Óskum viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum
gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.
Bestu þakkir fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða.

 Trésmiðjan Rein ehf

Allir í (jóla)gallana....

**Norðurþing
óskar
Völsungum**

fjær og nær
gleðilegra jóla
og bjartar framtíðar
innan sem utan vallar

Afram Völsungur!



Blak

Hér verður stiklað á stóru í starfi blakdeildar, á líðandi ári en eins og í svo mörgu öðru sem að snertir íþróttalíf landans hefur bannsett veiran sett stórt strik í reikning okkar blakara. Árið byrjaði af krafti með Nýársmóti Völsungs en dró heldur betur úr þegar liða tók á vetur og vor, allir voru svo klárir í bátana í haust og hófst staðið af miklum krafti áður en takmarkanir tóku gildi svo um munaði, þetta hefur vissulega mikil áhrif á starfið og helsta áhyggjuefnið nú er hvort og þá hvernig deildarkeppni og bikar verður framkvæmt og eins hvort við getum haldið okkar árlega Nýársmót í almenningsblaki en það hefur verið ein okkar helsta tekjulind. Nú er bara að bíta í skjaldarendur, setja undir sig hausinn og halda áfram með bjartsýnina á lofti.



Mfl. kvk tók þátt í 1. deild síðast liðinn vetur 2019-2020. Þjálfari var Guðbergur Egill Eyjólfsson en hann tók að sér að þjálfja bæði meistarflokkslið Völsungs þetta keppnistímabil. Liðið hafði leikið í úrvalsdeild þrjú undanfarin ár og gengið ágætlega en Slandjana hafði þjálfað meistarflokkana áður og yngri flokkana líka. Hún ásamt fleira góðu fólki hafði skilað góðu verki því undir hennar handleiðslu var orðinn til öflugur hópur af stelpum sem ákveðið var að sýna traust og tefla fram í leikjum þennan vetur. Því var ákveðið að rífa aðeins seglin, spila deild neðar og sjá til hvernig árangur þetta gæfi. Þessar spræku stelpur höfðu líka með sér reynslubolta eins og Örnú Védísi sem hafði staðið sig gríðarlega vel í úrvalsdeildinni árin áður þó ung væri að árum og Þórunni Harðar sem var þeirra fyrirliði en hún stóð sig eins og hetja með þennan hóp af unglingum í kringum sig. Aleksandra Inez kom einnig sterk inn með stelpunum en hafði ekki spilað með liðinu nema lítilliga undir stjórn Sladjönu. Nokkuð var á brattann að sækja þennan vetur, liðið hafnaði í neðsta sæti deildarinnar með 11

stig. En reynslunni ríkari eru stelpurnar og komu tvielfdar til leiks í haust þar sem þær hafa keppt tvo leiki og unnið þá báða nokkuð sannfærandi. Covid -19 hefur þó sett leiðinda strik í reikninginn og langt leikjahlé var gert í haust. Í sumar var ákveðið að ráða hingað þjálfara þar frá Ungverjalandi þau Tami og Tomi, þau eru bæði að spila fyrir m.fl. og koma með gríðarlegan styrk inn fyrir flokkana en þau hafa bæði spilað í efstu deildum í Ungverjalandi. Þau hafa tekið að sér alla þjálfun þ.e. bæði meistarflokkslið kvk og kk og einnig alla yngri flokka. Þau koma einnig að þjálfun í almenningsblaki.

Karlalið Völsungs tók þátt í 2. deild Íslandsmótsins í blaki tímabilið 2019-2020. Liðið var skipað kornungum leikmönnum að mestu ásamt örfáum eldri reynsluboltum þeim til stuðnings. Liðið tók þátt í tveimur turneringum annars vegar í Kópavogi og hinsvegar á Flúðum. Lokamóti deildarinnar var frestað vegna covid ástands. Þessir ungu og efnilegu strákar eru skráðir til leiks í Íslandsmót 2020-2021 en vegna urædds ástands hefur keppni í neðri deildum enn ekki hafist. Framundan eru spennandi tímar ekki síst með tilkomu þjálfarans Tamasar sem jafnframt leikur með liðinu og mun styrkja liðið verulega enda frábær leikmaður sem meðal annars á að baki nokkra landsleiki fyrir Ungverjaland.

Almenningsblakið fór vel af stað á árinu. Töluvert var um nýliðun hjá eldri iðkendum en þakka má það byrjendablaki sem boðið var upp á veturinn áður. Þegar takmarkanir voru settar á af völdum faraldursins var þetta fyrsti hópurinn sem hætta varð æfingum og keppni og ekkert varð úr frekara blakstarfi þessa hóps það sem eftir lifði vetrar. Í september hófst svo starfið aftur af krafti og var vel mætt strax í byrjun. Aftur varð að hætta æfingum eftir mánaðartíma og ekki en útséð hvenær hægt verður að byrja aftur en við bíðum spennu eftir því.

Nú er þriðja sumarið liðið sem við njótum þess að geta spilað strandblak á strandblakvöllunum sem staðsettir eru við bókasafnið. Í ár bættum við örlítið aðstöðuna okkar og er nú kominn kofi sem kemur sér vel þegar skemmtimótin okkar hafa verið og einnig geymslu á ýmsum munum sem fylgir umhirðu og blakinu sjálfu. Stefnan hjá okkur er svo að fjárfesta í mýkri sandi sem vonandi verður fyrir en síðar en kostnaður við það er talsverður. Skemmtimótin voru tvö í sumar sem heppnuðust frábærlega þar sem keppendur voru ýmist iðkendur úr blakinu og svo einnig óvanir sem sýndu svakalega góða takta sem segir manni að blakið er fyrir alla. Stefnan er að hafa strandblaksnámskeið næsta sumar. Blakdeild hefur fjárfest í strandblakboltum og alltaf velkomið að óska eftir þeim til að spila í sandinum sem er virkilega góð og skemmtileg hreyfing.

Yngriflokkastarfið hefur farið vaxandi síðustu ár. Um 40 iðkendur voru í 3. - 6. flokki. Yngstu iðkennurnir eru í 6. flokki eða þriðja bekk. Keppt var á Íslandsmóti (sem spilast í nokkrum turneringum) og bikarmóti. Í febrúar urðu bæði 3. og 4. flokkur karla í öðru sæti í bikarkeppninni. 3. flokkur varð einnig í 2. sæti á Íslandsmótinu og 4. flokkur í því þriðja. Á móti í Mosfellsbæ um mánaðarmótin febrúar/mars rétt áður en allt var að lokast vegna Covid tryggði 3. flokkur stúlkna sér Íslandsmeistarattílinn með miklum yfirburðum. Krakkarnir eru að standa sig mjög vel á landsvisu í öllum flokkum og gaman er að sjá framfarirnar hjá hverjum og einum eftir hvert mót. Covid hefur sett strik í reikninginn hjá unga fólkinu okkar en það er þó aðallega í mótamálum, því að þau hafa getað æft að jafnaði á fullu en ekkert getað keppt. Með nýju þjálfurunum og miklum metnaði allra þeirra sem standa að starfinu í kringum blakið á Húsavík verður ekki langt í það að við verðum með blakfólk frá Húsavík í fremstu röð á Íslandi



Innilegar jóla og ármaótakveðjur sendir Blakdeild Völsungs til iðkenda sem og allra Völsunga nær og fjær

Lúðvík Kristinsson, Berta María Hreinsdóttir, Bjarni Páll Vilhjálmsson, Guðrún Eiríksdóttir, Þórunn Harðardóttir, Kristján Friðrik Sigurðsson, Katrín Guðmundsdóttir, Arnar Guðmundsson



Gleðileg jól og komdu fagnandi 2021



PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðipjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðisráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavinum sínum við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvolsvöllur | Vestmannaeyjar

Almenningsíþróttadeild

Lýðheilsuvika Völsungs

Lýðheilsuvika Völsungs fór fram í fyrsta skipti í lok júlí. Verkefnið sem fékk styrk úr Lýðheilsusjóði Landlæknisembættisins var skipulagt af stjórn almenningsíþróttadeildar Völsungs. Hugmyndin með verkefninu var upprunalega sú að bjóða upp á með hjálp utanaðkomandi aðila, metnaðarfulla dagskrá í mærudagsvikunni sem stuðlaði að þátttöku einstaklingsins í viðburðum er snertu á lýðheilsu, andlegri sem líkamlegri. Afar vel gekk að fá fyrirtæki og félagasamtök til að taka þátt í verkefninu. Þannig var Spirit North með fjóra viðburði þar sem jóga var stundað af börnum sem fullorðnum, á landi, í böðum og um borð í skútunni Opal. Sjósuðsfélag Húsavíkur bauð upp á opna kynningu fyrir byrjendur í Saltvíkurfjöru. Hjólreiðadeild Völsungs vígði nýja Enduróbraut sem liggur frá útsýnisbílastæðinu á Reykjahéiði og niður að Botnsvatni en þátttaka var afar glæsileg eða 65 manns. Botnsvatnshlaupið í umsjá Skokka var á sínum stað og þá var haldið strandblaksmót á vegum blakdeildar Völsungs. Tveir fyrirlestrar voru á dagskránni, annars vegar Húsvíkingurinn Kristján Gunnar Óskarsson sem fjallaði um frammistöðukvíða og markmiðasetningu og hinsvegar afreksfjallahlauparinn Sigurjón Ernir Sturluson sem fjallaði um hlaup og góðar heilsuvenjur með sjálfan sig sem raundæmi.

Verkefnið gekk mjög vel og voru viðburðir vel sóttir. Ljóst þykir að eftirspurn er mikil eftir því að Lýðheilsuvikan verði aftur á dagskránni árið 2021 og hefur nú þegar verið lagt af stað í undirbúningsvinnu vegna þess. Skipuleggjendur vonast til þess að þátttakendur hafi haft gagn og gaman af uppátækinu sem ætti að gefa gott tækifæri til að kynna nýjum hlutum sem eru fræðandi jafnt sem nærandi fyrir huga og líkama.

Með jóla- og nýárskeðjum,

Aðalgeir Sævar Óskarsson, Ásta Hermannsdóttir, Heiðar Hrafn Halldórsson, Jóna Birna Óskarsdóttir

Skjálftamót HFA og Völsungs

Skjálftamótið fór fram í fyrsta skipti laugardaginn. 20 júní. Um var að ræða fyrsta stigamót í götuhjólreiðum á árinu 2020 en fjölda móta hafði verið aflýst vegna Covid. Hjólreiðafélag Akureyrar hafði frumkvæði að því að halda mótið sem innihélt fjórar mismunandi hjólaleiðir milli Akureyrar og Húsavíkur en endamarkið var eitt og hið sama - á Mararbrautinni gegnt Nettó. Leitað var til hjólreiðadeildar Völsungs að hjálpa til við skipulagninguna og var orðið við því. Svæðisstjóri mótsins á Húsavík var Aðalgeir Sævar Óskarsson og naut hann aðstoðar fimm sjálfboðaliða auk Björgunarsveitarinnar Garðars sem stóð vörð á gatnamótum.

Skemmt er frá því að segja að mótið tókst frábærlega og þátttaka var virkilega góð þrátt fyrir að aðeins hafi verið boðað til mótsins með rúmlega tveggja vikna fyrirvara. Rétt um 90 hjólarar tóku þátt, þar af eini atvinnumaður Íslands í hjólreiðum, Ingvar Ómarsson en hann sigraði í elítuflokki karla. Húsvíkingar áttu sína fulltrúa. Börkur Guðmundsson tók þátt í almenningsflokki og Stefán Helgi Garðarsson í flokknum Master 40-49. Vonast er til þess að mótið verði haldið á ný árið 2021.

Hlaupahópurinn Skokki

Hlaupahópurinn Skokki átti nokkuð farsælt ár þrátt fyrir að Covid 19 gerði það að verkum að keppnisþátttaka væri af skornum skammti. Gamla hlaupið var á sínum stað að venju og gekk áfallalaust fyrir sig enda þótt asahláka sem myndaðist um morguninn hafi gert skipuleggjendum og þátttakendum erfitt fyrir.

Tveir meðlimir Skokka tóku þátt í vetrarmótaröð UFA á Akureyri sem stóð yfir frá október 2019 fram í febrúar 2020. Samtals var um að ræða fimm hlaup sem fóru fram mánaðarlega.

Í febrúar varð hlaupahópurinn Skokki 10 ára. Upphafið má rekja til þess þegar að nokkrir aðilar sem höfðu verið að hlaupa í sittthvora lagi ákváðu að koma saman á laugardögum og hlaupa saman sér til gamans og heilsubótar. Sögu Skokka voru gerð góð skil í afmælisgrein Þóris Aðalsteinssonar í Skarpi sáluga.

Um vorið fóru margir íslenskir hlauparar þá leið að hlaupa sóla maraþon til að binda enda á langt æfingatímabil en þarna var keppnishald þegar komið á ís vegna Covid. Skokkafólk tók að sjálfögðu þátt í þessu og hljóp sitt hlaup á Húsavík og í nærsveitum. Þetta endurtók sig svo síðsumars þegar að önnur bylgja Covid var komin af stað. Þannig hlupu þónokkrir meðlimir sitt eigið Reykjavíkmaraþon sunnan heiða daginn sem sá viðburður átti að fara fram.

Um miðbik sumars var mótahald leyfilegt og átti hlaupahópurinn Skokki fulltrúa í Iceland Running Festival, Snæfellsjökulshlaupinu, Akureyrarhlaupinu, Þorvaldsdalsskokkinu, Fjögurra skóga hlaupinu og Hausthlaupi UFA. Botnsvatnshlaupið fór fram síðasta föstudaginn í júlí. Þátttaka var ágæt þrátt fyrir að nokkuð blautt og kalt væri í veðri. Sett var glæsilegt brautarmet í karlaflokki en þar var að verki Sigurjón Ernir Sturluson sem náði að verða sá fyrsti til að klára hlaupið á undir 30 mín. Ljóst er að afar erfitt verður að slá þann tíma.

Að vanda var eitthvað um að meðlimir Skokka færu í vettvangsferðir út fyrir Húsavík enda þótt minna væri um það en oftast áður sökum kófsins. Þannig voru Jökulsárgrjúfur heimsótt, Hvammsheiði, Hellnassel auk þess sem góður hópur gekk á Búrfell um miðbik sumars. Vonandi verður meira um þessar sérferðir á næsta ári enda eru þetta oft en ekki æfingarnar sem standa upp úr þegar árið er gert upp.

Hlaupahópurinn Skokki óskar Völsungum nær og fjær gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári





* Jólakveðja *

Stjórnir og starfsmenn stéttarfélaganna í
Þingeyjarsýslum óska félagsmönnum sínum og
fjölskyldum þeirra, öðrum Þingeyingum og
landsmönnum öllum gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.

Framsýn-stéttarfélag
Starfsmannafélag Húsavíkur
Þingið
Hrunabúð SF



Gleðileg jól
farsælt komandi ár

Þökkum viðskiptin
á liðnum árum

ÁFRAM VÖLSUNGUR!



VÍKURRAF EHF

PCC Bakki Silicon hf

óskar Völsungum, úbúum

Norðurlands og landsmönnum

öllum gleðilegra jóla og

farsældar á komandi ári.

Þökkum allt líðið og

hlökkum til samstarfs

á komandi árum.

PCC BakkiSilicon hf • Bakkavegur 2 • 640 Húsavík
www.pcc.is

PCC
Bakki Silicon®

Handbolti

Handboltadeild Völsungs 2020

Handbolti hefur verið í vexti síðustu ár innan Völsungs og byrjun ársins 2020 var ekkert frábrugðið því, þangað til að Covid-19 setti strik í reikninginn með að banna allar æfingar og keppni. Þrátt fyrir samkomubann þá settum við heimaæfingar fyrir iðkendur á facebooksíðu handboltans. Í lok bannsins fengum við svo að hittast aftur á æfingum en því miður skiluðu sér ekki allir iðkendur aftur á æfingar og ekki gátum við haldið einu fjáröflunina sem handboltadeildin hefur verið með síðustu ár, Sölkumótið í handbolta fyrir 7. & 8. flokk.

Við fórum spennt af stað í haust með æfingar en því miður skilaði sér ekki eins margir á æfingar aftur en við höfðum það gaman saman.

HSÍ sendi til okkar Gunnar aðstoðapjálfa landliðsins og Jónatan þjálfara KA en þeir komu til okkar með æfingahelgi fyrir krakka til 12 ára aldurs, þeir sem tóku þátt í fengu glaðning í lokinn.

Æfingar voru skemmtilegar og hressandi, þó vantar okkur þjálfara fyrir næstu önn ef einhver hefur áhuga á þjálfun 6., 7. & 8. flokks í handbolta má sá hin sami endilega hafa samband.



**Bestu jólakveðjur,
Heiða Elín - formaður handknattleiksdeildar og núverandi þjálfari.**



FYRIR SVANGA Á FERÐ

EL RENO OSTBORGARI OG FRANSKAR VERÐ: 1.299 KR.



FÁÐU
AFSLATT

VIÐ ERUM Á OLÍS

ÁLFHEIMUM
GULLINBRÚ
NORÐLINGAHLTI

MOSFELLSBÆ
AKRANESI
BORGARNESI

STYKKISHÓLMÍ
SKAGASTRÖND
SIGLUFIRÐI

ÓLAFSFIRÐI
DALVÍK
REYÐARFIRÐI

NESKAUPSTAÐ
HELLU

SELFOSSI
HÚSAVÍK

GRILL66.IS






Fræðsla fyrir alla!

Á fræðsluvef Íslandsbanka finnur þú áhugaverð myndbönd, fræðandi greinar, góð ráð og upplýsingar um fræðslufundi

islandsbanki.is/fraedsla



FRÁ HÉRAÐSSAMBANDI ÞINGEYINGA

ÞETTA HEFUR VERIÐ SÉRSTAKT ÁR FYRIR HEIMSBYGGÐINA. VIÐ SEM ERUM ÞÁTTTAKENDUR Í ÍPRÓTTAHREYFINGUNNI HÖFUM SVO SANNARLEGA FUNDIÐ FYRIR ÞVÍ – SAMA HVORT UM RÆÐIR IÐKENDUR, ÞJÁLFAFA, ÁHANGENDUR, FORELDRA, SJÁLFBØDALIÐA EÐA STJÓRNARFÓLK. ÞAÐ ER MIKILVÆGT AÐ VIÐ STÖNDUM VÖRÐ UM ÍPRÓTTA-HREYFINGUNA OKKAR, AÐ HÚN STANDI ÁFRAM KEIK ÞÓ VINDAR BLÁSI.

ÞAÐ ER NEFNILEGA SVO AÐ ÞÁTTTAKA Í SKIPULÖGÐU ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNDASTARFI ER MJÖG MIKILVÆG FYRIR LÍKAMLEGA, ANDLEGA OG FÉLAGSLEGA HEILSU. SVO HEFUR HÚN ÁHRIF Á SJÁLFSMYND, SJÁLFSTRAUST OG JAFNVEL NÁMSÁRANGUR. UM ÞETTA MÁ M.A. LESA Í STEFNU HSP **ÆFUM ALLA ÆVI**, SEM ER AÐ FINNA Á HEIMASÍÐU HSP WWW.HSTH.IS.

ÆFUM ALLA ÆVI

ÆFUM ALLA ÆVI ER STEFNA SEM SAMBANDIÐ MÓTAÐI SÉR Á SVIÐI HREYFINGAR, ÍPRÓTTA OG LÝÐHEILSU. MARKMIÐIN ERU ÞRENN: 1. AUKIN HREYFING, 2. ÍPRÓTTIR FYRIR ALLA, OG 3. EFLING SJÁLFBØDALIÐA.

HVER ER TILGANGURINN? MEÐ STEFNUNNI VILJUM VIÐ MARKVISST VINNA AÐ ÞVÍ AÐ AUKA HREYFINGU ÍBÚA Á SVÆÐINU MEÐ ÞVÍ AÐ SKAPA UMHVERFI FYRIR FÓLK Á ÖLLUM ALDRI TIL ÞESS AÐ STUNDA ÍPRÓTTIR OG HREYFINGU ALLA ÆVI, ÓHÁÐ ALDRI, GETU EÐA BÚSETU.

HVERNIG ÆTLAR HSP AÐ FARA AÐ ÞVÍ? HÉR ERUM VIÐ ÞIÐ, ÞETTA VERÐUR AÐ SJÁLFSÖGÐU AÐ GERAST Í GEGNUM AÐILDARFÉLÖGIN OG MEÐ ÞVÍ AÐ EFLA ÞAU OG AÐSTOÐA, AUKA SAMSTARF OG SAMVINNU GETUM VIÐ NÁÐ ÞESSU MARKMIÐI. MEÐ MARKMIÐINU **ÍPRÓTTIR FYRIR ALLA** VILJUM VIÐ LEGGJA ÁHERSLU Á AÐ VIÐ ÍPRÓTTAÐKUN BARNNA OG FULLORÐINNA SÉ LAGT UPP ÚR LEIK OG SKEMMTUN, JÖFNUM TÆKIFÆRUM OG FÉLAGSSKAP MEÐFRAM ÞVÍ AFREKSTARFI SEM STUNDAÐ ER. ÞRIÐJA MARKMIÐIÐ, OG EITT ÞAÐ MIKILVÆGASTA, ER AÐ EFLA SJÁLFBØDALIÐA Í SÍNUM STÖRFUM, ÞANNIG AÐ ALMENNT ÍPRÓTTASTARF HALDI ÁFRAM AÐ VAXA OG DAFNA. SJÁLFBØDALIÐAR ERU MIKILVÆGIR SEM STJÓRNARMENN Í FÉLÖGUM, FORELDRAR Í FJÁRÖFLUNUM, STARFSMENN Á MÓTUM OG VIÐBURÐUM OG SVO MÆTTI ÁFRAM TELJA. SAMEIGINLEGUR VETTIVANGUR SJÁLFBØDALIÐA ER MIKILVÆGUR OG GETUR TRYGGT BETRI SAMFELLU, YFIRFÆRSLU ÞEKINGAR OG GERT SJÁLFBØDASTARFIÐ MEIRA AÐLAÐANDI.

HÉRAÐSSAMBANDIÐ ER SAMNEFNARI ALLRA AÐILDARFÉLAGA SINNA Í ÞINGEYJARSÝSLUM.
HVAÐ GETUR HSP GERT FYRIR ÞITT FÉLAG?




Héraðssamband Þingeyinga

færir Þingeyingum nær og fjær
bestu jóla- og nýárskveðjur.

Hlökkum til samveru og samvinnu á nýju ári





Hóll ehf
Höfða 11 - 640 Húsavík
Sími/Fax: 464 2200
e-Mail: holleh@holleh.is
Kt. 620788-1559 - Vsk.nr. 01161
VINNUVÉLAR • VERKTAKAR

Gleðileg jól
og farsælt komandi ár
Megi framtíðin vera björt.
Þökkum liðnu árin.

Lemon

Gleðileg jól
og farsælt komandi ár.
Við þökkum viðskiptin á árinu.

Gleðileg jól
og farsælt komandi
ár. Þökkum viðskiptin á
árinu sem er að líða.



SJÓVÁ


Heimabakarí óskar
Völsungum
sem og öðrum
Þingeyingum
gleðilegra jóla

Þökkum viðskiptin
á liðnu ári!



JÓLAKVEÐJA HÚSASMÍÐJAN í heimabyggð

Vallholtsvegi 8 Húsavík 525 3950



HÚSASMÍÐJAN

Boccia

Starf bocciadeildar Völsungs 2020

Enn er komin aðventa og komið að því að skrifa í Jólblað Völsungs og segja frá því helsta úr starfi bocciadeildarinnar á starfsárinu 2020. Mjög svo sérstakt ár að baki, en árið hófst með hefðbundnum hætti, æfingar hófust strax eftir áramót af miklum kraft og væntingar til ársins voru miklar, einmitt árið sem flestir í hópnum ætluðu að toppa á sínum ferli. Þjálfarar þeir sömu og áður þau Rannveig Þórðardóttir og Kristján Valur Gunnarsson, eins og fyrr hlupu stjórnarmenn í skarðið og aðstoðuðu eftir þörfum.

Æfingar hjá fótluðum voru tvisvar í viku á meðan allt lék í lindi, iðkendur eru rúmlega 20 og var mæting og ástundun þeirra góð, þá er einnig öflugt bocciastarf hjá eldri borgurum en á þeirra vegum eru iðkendur um 35.

Í upphafi árs var hópurinn hress og einbeittur og tilbúinn að venju í að bocciadeild Völsungs mundi senda myndarlegan hóp keppenda á öll helstu mót sem voru í boði og haldin eru á vegum ÍF. En eins og áður var fyrsta mót ársins „Opna Húsavíkurmótið í bocci“ í febrúar, sem er fastur liður í starfi bocciadeildarinnar með góðum stuðningi Kiwanisklúbbsins Skjálfanda, og var að þessu sinni 31. mótið frá upphafi. Kiwanismenn sáu um alla dómgæslu, merkingu valla og koma að undirbúningi mótsins með bocciadeildinni. Kiwanisfélagar slógu ekki slöku við frekar en fyrri daginn og komu með 20 dómaraþoli fyrir deildina til að nota á mótum, þakkar til Kiwanisklúbbsins.

Mótið tókst í alla staði vel, góð þátttaka að venju og mættu 36 lið til keppni. Það sýnir að bæjarbúar og fyrirtæki eru tilbúin að styðja við bakið á bocciadeildinni með þátttöku, en þetta er fjáröflun fyrir deildina í formi firmakeppni.

Að lokinni drengilegri og hörku keppni þar sem leikgleði og skemmtun var í fyrirrúmi var komið að verðlaunaafhendingu, en sex efstu liðin hlutu vegleg verðlaun sem voru gefin af fyrirtækjum sem styrktu mótið. En þau eru Norðlenska, Skóbúð Húsavíkur, Verslunin Garðarshólmi, Sjóböð Húsavíkur, Trésmiðjan Rein, Lemon, Ísfell ehf, Gentle Giants hvalaskoðun og verslunin Netto, að ógleymdum öllum sem styrktu mótið með því að senda lið í keppnina. Er þessum aðilum öllum ásamt Kiwanisklúbbum Skjálfanda þakkað fyrir stuðninginn.

Húsavíkurmestararnir í bocci 2020 urðu „**Öræfabræður**“ Ásgrímur Sigurðsson og Kristján Valur Gunnarsson, Lækjarvöllum, hlutu þeir að launum glæsilegan farandbikar sem gefinn var á sínum tíma af Norðlenska ehf og var nú keppt um í áttunda sinn. Í öðru sæti urðu „**Græningjarnir**“, Kristbjörn Óskarsson og Kristján Þór Magnússon, Norðurþingi, og þriðja sæti „**Meistararnir**“, Jóna Rún Skarphéðinsdóttir og Sigmar Stefánsson, Trésmiðjan Rein ehf.

Þá voru veitt sérstök verðlaun því liði sem að mati mótsnefndar vakti mesta athygli og var í flottasta keppnisbúningi. Þar urðu hlutskarpastir „**Bráðaliðarnir frá HSN**“, Eysteinn Kristjánsson og Björn Elí Viðisson og hlutu að launum úttekt-gjafabréf frá Heima-bakaríinu.

Einnig var afhentur „**Hvatningarbikar ÍF**“ sem bocciamaðurinn Bjarni Þór Bjarnason hlaut að þessu sinni. Bikarinn er farandbikar gefinn af Íþróttasambandi Fatlaðra og veittur árlega þeim einstaklingi sem að mati stjórnar bocciadeildar og þjálfara sýnir bestu ástundun, eljusemi í starfi og góðar framfarir. Handhafi bikarsins var fyrst valinn 1995.

Mótið tókst í alla staði mjög vel, góð skemmtun, mikil stemming, og spenna. Glæsilegt mót með yfir 70 keppendur og mikill fjöldi gesta var í íþróttahöllinni þegar mest var. Takk fyrir Húsavíkingar og aðrir gestir, sjáumst hress að ári á næsta Opna Húsavíkurmóti í bocci.

Í mars dundu svo ósköpin yfir, þegar undirbúningur fyrir Íslandsmótið í liðakeppni í Laugardalshöll sem halda átti 13.-15. mars stóð sem hæst, en vegna Covid veirunnar var mótinu frestað og Íþróttahöllinni lokað og æfingar lögðust af.

Næst á dagskrá var svo hið árlega Hængsmót á Akureyri sem halda átti í byrjun maí, en var einnig slegið af vegna Covid 19 og lítið varð um æfingar það sem eftir lifði vetrar. Engu að síður voru iðkendur hvattir til að stunda æfingar heima og reynt að miðla til þeirra upplýsingum og myndum af heimaæfingum.

Á haustdögum eftir fyrstu og aðra bylgju veirunnar hófust svo æfingar aftur á fullu 8. september, var mikill hugur í mannskapnum og sett upp strangt æfinga prógramm fyrir komandi mót sem voru Íslandsmót í bæði einstaklings- og liðakeppni sem halda átti 1.-4. október á Selfossi og svo Norðurlandsmót í nóvember.

En við vorum ekki lengi í paradís, bæði þessi mót voru slegin af vegna veirunnar og svo voru allar æfingar stöðvaðar og Íþróttahöllinni lokað 6. október. Síðan var opnað á æfingar síðustu vikuna í október en aftur lokað á allar æfingar í höllinni 30. október. Síðan hafa bara verið heimaæfingar eins það heitir og allir bíða spenntir eftir að starfið hefjist aftur, en nú virðist vera orðið ljóst að haust tímabilið er fyrir bí!

Þar sem við vom búin að missa af þrem stórmótum vegna Covid-19 var ákveðið að gera eitthvað fyrir hópinn þá helgi sem mótið átti að vera á Selfossi. Niðurstaðan var ferð í Mývatnssveit þar sem Sel-Hótel tók glæsilega á móti okkur með pizza-hlaðborði með öllu tilheyrandi, þá var dansleikur og bingó um kvöldið, þá var gíst og boðið upp á góðan morgunverð (vorum ein á hótelinu og fjöldatakmörkanir og sóttvarnarreglur virtar). Þá var skropið í Jarðböðin og fleira skoðað sem Mývatnssveitin býður upp á. Frábær helgi sem lífgaði upp á hópinn í ástandinu og er hann núna betur klár í æfingar og mót á komandi mánuðum ef aðstæður breytast til batnaðar sem við vonum innilega.

Á liðnu ári fengu engu að síður félagar í bocciadeildinni viðurkenningar, Vilberg Lindi Sigmundsson og Hildur Sigurgeirsdóttir voru valin Bocci-fólk Völsungs 2019. Vilberg Lindi einnig kjörin bocciamaður HSP. Voru þau vel að þessum viðurkenningum komin.

Til að bocciadeild Völsungs geti starfað eðlilega og haldið uppi öflugum starfi þarf gott bakland og fórnfúsa sjálfbóðaliða, því auglýsum við eftir nýju og áhugasömu fólki til að taka við merkinu og vinna með frábæru fólki og efla enn frekar íþróttastarf fatlaðra í Völsungi.

Vill bocciadeild Völsungs um leið og þakkað er fyrir liðið ár koma á framfæri bestu kveðjum og þökkum til allra sem stutt hafa deildina á liðnu starfsári.



Verðlaunahafarnir í 1.-6. sæti.

Ásgrímur Sigurðsson, Húsavíkurmestari, lengst til vinstri með bikarinn frá Norðlenska. Lengst til hægri, Bjarni Þór Bjarnason er hlaut Hvatningabikar ÍF.

Fagmaður á heimavelli

Pacta lögmennt óska íbúum
Norðurlands gleðilegrar hátíðar

Hallgrímur Jónsson
lögmaður

Hallgrímur Jónsson lögmaður Pacta á Húsavík veitir Húsvíkum og Þingeyingum öllum almenna lögfræðiráðgjöf og þjónustu. Skrifstofan okkar er að Garðarsbraut 26, Framsýnarhúsinu, 2. hæð og opnunartími frá kl. 8 til 16 alla virka daga.

Hjá Pacta lögmenntum starfa á þriðja tug lögfræðinga og lögmanna á 14 starfsstöðvum víða um land. Pacta veitir einstaklingum, fyrirtækjum, sveitarfélögum og stofnunum alhliða lögfræðisþjónustu og ráðgjöf.

■ Hafðu samband við Hallgrím í síma 440 7900 og 789 2160
eða á netfangið hallgrimur@pacta.is

PACTA
L Ö G M E N N

Sögubrot af Völsungi

Viðtöl við Völsunga

Í tengslum við 90 ára afmæli Völsungs 2017 tók Guðmundur Friðbjarnarson mörg viðtöl við félagi úr öllum deildum. Margt fróðlegt kom þar fram sem mun nýttast þegar skrifa þarf 100 ára sögu félagsins. Hér birtum við smá brot úr viðtölunum sem tekið var við m.a. Hafliða Jósteynsson þegar Völsungar fóru fræga ferð til Vestmannaeyja og spiluðu við ÍBV í bikarkeppninni 1974 um sæti í undanúrslitum. Þá eru tvær stuttar sögur úr öldungablakinu frá Jóhönnu Guðjóns (Jóa Údda) og Jónu Matt.

Völsungur fer í fjögurra liða úrslit í bikarnum 1974.

Hafliði segir svo frá: Það var Einar Helgason frá Akureyri sem var ráðinn þjálfari okkar þetta árið. Mikill KA-maður og kom okkur í fjögurra liða úrslit í bikarkeppni KSÍ. Þetta er leikurinn frægi í Vestmannaeyjum.

Það var alveg feikilega magnað. Þá var þetta bara eins og massíf liðsheild og ég segi að það hafi verið upp til hópa bara góðir fótboldamenn í liðinu okkar og voru með hjartað á réttum stað og lögðu sig hundrað prósent í verkefnið. Einar hafði lag á því að fá menn til að trúa því að menn gætu meira en menn höfðu kannski getu til og maður trúði þessu og á því fór maður náttúrulega þó nokkuð áfram. Ég man eftir því til dæmis að hann var með skýrar reglur og aga sem kannski eru ekki í gildi í dag, ég veit ekkert. Maður reyndi að fara eftir því sem þjálfarinn sagði því maður vissi að það var hann sem var að segja okkur hluti til að gera okkur betri og hafa aga og alla þá hluti. Ég man eftir æfingu hjá honum þegar við vorum á gamla vellinum, malarvellinum, þar sem íþróttasvæðið er núna. Það var æft alveg sama hvernig aðstæður voru. Við mættum á stígvélum á æfingar þegar það var svona drullan á vellinum.

Þá þurftu menn að puða í drullunni og þá erfðu menn og fengu þrek og þol og þessu hafði maður aldrei nokkurn tímann kynnst áður, það var bara ekkert slegið slöku við og hann er svona einn eftirminnilegasti og mér er afskaplega hlýtt til þessa manns, því ég held að hann hafi getað tosað út úr hverjum manni það besta sem viðkomandi bjó yfir, fengið 110% út úr viðkomandi. Ég held að menn fundu einhvern hvata til þess leggja sig bara alla í verkefnið og liðið okkar þurfti að vera mjög gott að ná þessum úrslitum í Vestmannaeyjum, þarna 2-0 sigur. Á þessum árum voru Vestmannaeyingar eitt besta fótboldaliðið á Íslandi.

Í liðnu var Friðfinnur Finnbogason, Páll Pálmason og Óskar Valtýsson og eintómir toppleikmenn en einhvern veginn fékk Einar okkur til að trúa því að við gætum alveg unnið þá með því að leggja okkur 110% eða hvað sem það er og við bara gerðum það. Menn hlupu bara úr sér lungun, sko. Voru bara með blóðbragð í munnum þegar þetta var búíð. Voru náttúrulega í skýjunum með að vera komnir í fjögurra liða úrslit. Það var alveg ótrúlegt.

Með okkur fóru menn frá Húsavík til að fylgjast með þessum leik, höfðu svo mikinn áhuga, við flugum bara til Eyja.

Og það skeði ótrúlegt atvik í leiknum. Það var einum héðan svo mikið mál að pissa og spennan var yfirþyrmandi, hann varð að losa sig og langt að fara á salernið. Hann vék sér bara að næsta manni sem var náttúrulega maður héðan, opnaði vasann og pissaði í vasann. Bara í vasann hjá honum, til þess að þurfa ekki að setja það á sjálfan sig. Þannig að það fylgdi þessu svona bæði gaman og alvara.

Þegar að þetta var búíð fannst mér að það væri komið nóg hjá manni og ákvað að taka nú í handbrennsuna og fara nú að slaka á í þessu og átti náttúrulega þá orðið fjölskyldu og börn og sinni því náttúrulega ekki baun í bala, konan sá um þann þátt en hefur sennilega tekist betur heldur en ef ég hefði verið eitthvað að bauka í því en það er annað mál. Ég sagði við strákana á leiðinni heim þegar við vorum að koma af vellinum „Jæja strákar nú er þetta orðið gott, nú koma bara yngri menn og taka við þessu og svona“ og ég ákvað bara að ég ætlaði að gera það og við vorum náttúrulega algjörlega að rifna úr monti. Það var tekið á móti okkur með blómum hér og ég veit ekki hvað og hvað og fólk kom bara á móti okkur hérna suður eftir veginum þar sem við vorum að koma til þess að taka á móti okkur með það að hafa innbyrt þennan sigur, að vera komnir í fjögurra liða úrslit í bikarnum sem var náttúrulega útaf fyrir sig mjög góður árangur en svo auðvitað bara klikkaði ég á því að taka í handbrennsuna og hættu. Mér fannst, ég var í það góðu formi. Ég æfði alltaf eins og vitlaus maður. Þegar maður var orðinn þetta fullorðinn varð maður, menn þurfa auðvitað að gera það hvort sem menn eru fullorðnir í fótbolda eða á besta aldri, 20-25 ára. Svoleiðis að ég bara, ég bara hélt áfram fjögur ár í viðbót.

Í fjögurra liða úrslitum fengum við Akurnesinga hérna heim. Svakalegur leikur og við áttum að vinna þann leik en við bara því miður, ég ætla ekki að nafngreina dómara, en við lentum því miður með dómara sem var ekki starfi sínu vaxinn og bara, var ekki með tók á leiknum, sko. Þá voru Skagamenn algjörlega í topp og þeir unnu tvöfalt þetta árið. Þessi leikur gegn Skagamönnum var stórvíðburður hér í þessu litla samfélagi, komnir í leik við Akurnesinga um að komast í úrslitaleikinn. Því miður þá tókst það ekki.

Öldungablaðið, fyrstu árin

Hárgreiðan skipti máli.

Jóna Matt var í einu viðtalinu ásamt fleirum og sagði frá fyrstu árum Völsunga í öldungablakinu: „Ég man líka þegar ég var aðstoðarþjálfari karlanna í blakinu og þetta var áður en ég var komin með aldur til að spila í öldungnum. Þá fylgdi ég þeim til Siglufjarðar og þar var einn góður maður, ekki búinn að vera lengi í blaki og hann var ekkert að stressa sig yfir að eiga íþróttabuxur þannig að hann var bara í terlínubuxunum sem utanyfirbuxur, svo var honum skipt inn á. Hann átti ekkert von á því, var svona byrjandi og rétt kominn inn á völlinn þá datt hárgreiðan úr vasanum. Því þá var hann náttúrulega klár í allt sko“.

Stattu kjurr!

Jóa Guðjóns sagði frá í þessu sama viðtali: „Það eru allskonar karakterar í blakinu sko, öldungablakinu. Ég held ég hafi aldrei þurft að, yfirleitt er maður alltaf að segja öllum að hreyfa sig. „Koma nú hreyfa sig.“ Ég þurfti að segja einum „Viltu standa kjurr?. Því hann var bara vanur að vera í marki í fótbolda, hann bara henti sér fyrir alla bolta einhvern veginn þannig“.



Meistaraflokkar í knattspyrnu

Meistaraflokkur karla

Jæja. Þá er búið að draga línuna í sandinn í Eyvíkurfjöru. Deildarkeppni lokið og langt og strangt tímabil því búið. Eyðum kannski ekki of mörgum orðum í hversu fordæmalaust þetta var allt saman, en vissulega var þetta sérstakt. Reynum við að stikla á stóru í yfirferðinni.

Jóhann Kristinn Gunnarsson endurnýjaði samning sinn sem þjálfari meistaraflokks karla til tveggja ára síðastliðið haust og tók einnig við nýmótuðu starfi yfirmanns knattspyrnumála hjá Völsungi. Mikil ánægja hefur verið með störf Jóa og teljum við að með auknu hlutverki inn í yngri flokkana takist okkur að festa enn frekar í sessi fastmótaða stefnu um hvernig við viljum sjá knattspyrnuþjálfun á Húsavík. Löngum hefur knattspyrnustarfið verið rómað hér á landsvísu og viljum við enn frekar spýta í við að viðhalda því orðspori sem og gera vel í starfinu á sama tíma.



Jóna Birna Óskarsdóttir tók við sem styrktarþjálfari meistaraflokka ásamt unglingaflokkum allt árið um kring og hefur hún unnið frábært starf þar, bæði á undirbúningstímabili og svo í sumar í endurheimt á milli ansi þéttspilaðra leikja. Við teljum hennar starf þar hafi komið í veg fyrir tíð vöðvameiðsli og dregið úr meiðslahættu þegar álagið var orðið ansi mikið.

Enn sem áður kappkostum við að byggja okkar lið upp á heimamönnum. Bæði gamalreyndir reynslujálfar ásamt minna reyndum mönnum í bland við unga drengi sem eru að stíga sín fyrstu skref. Sæþór Olgeirs sneri aftur heim og Elvar Baldvins kom aftur til okkar á láni eftir að hafa æft og spilað með Þór í vetur. Fox og Valdes komu til okkar aftur og ný andlit í hópnum voru Sasha, Milos og hinn ungi Stígur úr borginni. Aftur á móti horfðum við á eftir jálkum eins Gunna Sigga Josteins, Bergi Jónmunds og Sigvalda Einars sem lögðu skónna á hilluna margfrægu haustið 2019.

Við töldum og teljum enn að við höfum verið með afskaplega spennandi og framúrskarandi flinkt lið í höndunum í sumar. Deildin byrjaði illa og þrátt fyrir að komast yfir í 8 af fyrstu 11 leikjunum var stigasöfnunin rýr. Ýmislegt var reynt til þess að snúa genginu við og lögðu þjálfarar og leikmenn sig alla fram við að leiðrétta upphafið. Það borgaði sig að hafa fulla trú á þeim mannskap öllum því menn bitu í skjaldarrendur og voru t.a.m. á þriggja leika sigurgöngu þegar deildin var flautuð af. Þá sátum við í 10. sæti og höldum því sæti okkar í mjög svo sterkri 2. deild.

Nú þarf strax að horfa til framtíðar. Við teljum okkar lið afbragðsfrítt og nú liggur mannskapurinn yfir því að greina sumarið að fullu svo hægt sé að leggja það að baki og halda áfram. Bak við tjöldin er mikil vinna þjálfarateymis og leikmanna þar sem farið er í greiningarvinnu til þess að rýna í bæði góðu og slæmu hluti sumarsins. Völsungur ætlar sér að koma tvíefldari til leiks árið 2021 og vinna miklu fleiri sigra þá!

Umgjörð liðsins hefur verið glæsileg. Græni Herinn hefur verið afbragðssterkur í leikjum og gefið út stórglæsilega leikskrá kringum alla heimaleiki í sumar auk þess að sýna beint frá heimaleikjum. Röðull Rey, Arnór Aðalsteinn, Ólafur Freyr, Magnús Máni, Óskar Páll, Ófeigur Óskar og Sigurður Már, rísa klapp á bak ykkar fyrir framúrskarandi vinnu. Þetta er ómetanlegt og við munum vonandi halda áfram á þessari braut!

Reksturinn hefur verið viðkvæmur, bæði hafa tekjur kringum heimaleiki verið af skornum skammti og við misstum nokkra sterka og góða styrktaraðila vegna faraldursins. Það hefur oft á tíðum verið krefjandi að finna nýja tekjuleiðir en bakland Völsungs er stórt og sterkt og munum við skila rekstarárinu réttu megin við núllið, enda velviljaðir Völsungar í hverju horni og reksturinn skynsamur. Sérstaklega viljum við þakka samstarfsaðilum okkar sem með sínum framlögum gera okkur kleift að halda út jafn öflugum starfi og raun ber vitni.

Sjálfbodaliðum þurfti að fjölga vegna allskonar aukaverkefna á heimaleikjum. Extra mikil gæsla og skilyrði um rígfullorðna boltasækjara kallaði á fleira fólk að borðinu. Við þökkum öllum sjálfbodaliðum kærlega fyrir störfin og vonumst til þess að sjá þá aftur að ári, Völsungur verður nefnilega aldrei stærri og sterkari en fólklið og vinnusemin í félaginu.



Leikmenn meistaraflokks karla héldu rafrænt lokahóf með þjálfurum og stjórn nú í lok nóvember. Vikuna á undan hafði farið fram leynileg kosning innan hópsins um val á besta leikmanni, efnilegasta leikmanni og Völsungi ársins. Fór kosning svo að Elvar Baldvinsson var valinn besti leikmaður tímabilsins 2020 af samherjum sínum. Rafnar Máni Gunnarsson var valinn efnilegasti leikmaður tímabilsins og Völsungur ársins var kosinn Aðalsteinn Jóhann Friðriksson. Kumpánarnir þrír eru sannarlega vel að verðlaunum sínum komnir og óskum við þeim innilega til hamingju með titlana.

Við kvæðjum þetta ár ekki með söknuði, en reynslunni ríkari og gífurlega viljug í að koma sterkari til baka að ári.

ÁFRAM VÖLSUNGUR!

Meistaraflokkur kvenna

Árið 2020 hefur verið óvenjulegt svo ekki sé meira sagt. Við erum líklegast öll orðin þreytt á umræðum um fordæmalausu tímuna en þeir settu sannarlega sinn svip á fótboltatímabilið. Undirbúningstímabilið fór úr skorðum þegar ekki mátti æfa, Íslandsmótið byrjaði seinna en vanalegt er, leikirir voru spilaðir þétt, aftur kom hlé, spilað án áhorfenda, aftur hlé og að lokum var mótið flautað af.

Liðið vann sig upp í Lengjudeildina sumarið 2019. Markmiðið var að halda sér þar uppi og mikill hugur í liðskonum. Aðalsteinn Jóhann Friðriksson tók við þjálfun liðsins í upphafi ársins. Æfingartímabilið fór vel af stað en síðan út af svolitlu breyttust æfingarnar í fjarþjálfun og reyndi þá mikið á sjálfsagann og seigluna. Lengjubikarinn var á dagskrá í mars og apríl en ástandið þá leyfði engan fótbolta.

Fyrsti leikur stelpnanna í Íslandsmóttinu var svo loks þann 21. júní eftir mikla bið. Eðli málsins samkvæmt var þétt spilað og álagið því mikið. Um mánaðamóttin júlí – ágúst var mótið sett á pásu og aftur hófust leikar þann 16. ágúst. Aftur var þétt spilað þar til mótið var stoppað í byrjun október. Liðið átti einn leik eftir sem skipti þó ekki máli varðandi stöðu í deildinni og ljóst var að við færum niður um deild eftir sumarið. Mótið var svo blásið af í lok október eftir þónokkum tíma í óvissu.

Vegna ástandsins komst markmaðurinn sem ætlaði að standa á milli stanganna ekki til landsins og þá voru góð ráð dýr. Kristný Ósk Geirsdóttir frestaði því að leggja skóna á hilluna og stóð vaktina á milli stanganna þar til hún meiddist um mitt sumar. Eftir mikla leit og vinnu gekk Anna Guðrún Sveinsdóttir til liðs við okkur á ný en hún hafði hætt í boltanum fyrir nokkrum árum. Anna Guðrún hafði engu gleymt og þökkum við henni fyrir að bregðast vel við og standa vaktina með þryði.

Tveir erlendir leikmenn léku með liðinu í sumar, þær Christina Settles og Ashley Herndon og smullu þær vel inn í hópinn. Þær fyrir utan samanstóð liðið af heimastúlku-um sem Völsungshjartað slær sterkt í. Þær sýndu góðan leik og börðust eins og ljón en uppskáru því miður ekki sem skyldi. Boltinn vildi ekki í markið fram eftir sumri og heppnin var ekki með okkur í liði. Þrátt fyrir að stigin hafi ekki verið mörg í sumar átti liðið frábæra leiki, spilaði vel saman og óx og dafnaði með hverjum leik. Reynsluna frá tímabilinu setja stelpurnar í bakpokann og koma þeim mun sterkari til leiks á næsta tímabili. Hér er mikill efniðviður sem mikilvægt er að halda vel utan um, styrkja og styðja. Það gerum við í sameiningu, það þarf nefnilega heilt þorp til að halda úti fótboltaliði.

Talandi um þorpið þá eru mörg og fjölbreytt verkefni sem fylgja fótboltastarfinu. Þar má nefna fjáröflun, keyra liðið í leiki, sjá um veitingar, þvo búninga, gera klefann kláran og standa vaktina á heimaleikjum. Á tímum sem þessum breyttist ýmislegt við vinnuna í kringum leiki en þar má t.d. nefna að börn máttu ekki lengur vera boltasækjarar á vellinum. Þar bættust við enn fleiri verkefni og fengum við frábært fólk með okkur í lið sem var boðið og búið til að aðstoða, sinna verkefnum og keyra landshorna á milli. Við sendum þeim öllum hjartans þakkir fyrir þeirra framlag og sjálfbodavinnu.

Það er alltaf pláss fyrir fleira fólk í vinnu fyrir félagið. Ef þú hefur áhuga á að taka þátt í næsta tímabili með okkur, hafðu þá endilega samband við framkvæmdastjóra félagsins eða okkur í ráðinu.

Við þökkum stuðningsmönnum fyrir mætinguna í brekkuna í sumar. Veginn höldum áfram keik og gefumst ekki upp þó að á móti blási. Áfram Völsungur!



*HLÝJAR
JÓLAKVÆÐJUR*



**ORKUVEITA
HÚSAVÍKUR**